

**Ed.**

**459. Frumvarp til laga**

**[231. mál]**

um breyting á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

**1. gr.**

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980, skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari gr. í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er hún gaf við gerð kjarasamninga 27. október s. l., lýsti hún sig reiðubúna til að beita sér fyrir því að hækka lífeyrisstig skv. I. kafla laganna um eftirlaun til aldraðra, þ. e. a. s. um 3 stig, enda verði sú hækkun greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði, en stefnt skuli að því að aflétta þessu af sjóðnum í áföngum.

Árið 1976 varð um það samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, að verðtrygging lífeyrisgreiðslna skv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum skyldi aukin stórlega og útgjaldaaukningin borin af lífeyrissjóðum á samningssviði aðila. Árið 1977 var samkomulag þetta framlengt, og síðan hafa greiðslur samkvæmt lögnum (nú lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra) breyst ársfjórðungslega til samræmis við launabreytingar. Hefur hækkun átt sér stað mánuði síðar en vísitölubundnar launahækkanir, en nú er gert ráð fyrir, að hækkanir þessar fari saman. Miðað við launahækkanir undanfarin tvö ár hefur þessi breyting í för með sér um 3% hækkun árslífeyris.

Í viðræðum sínum við ríkisstjórnina hefur ASÍ lagt þunga áherslu á ráðstafanir til að bæta kjör þeirra launþega, sem rétt eiga samkvæmt I. kafla laganna um eftirlaun til aldraðra. Sú þriggja stiga hækkun, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, jafngildir 15—25% hækkun hjá þorra þess hóps lífeyrisþega, sem hér um ræðir.

Útgjöld árið 1981 samkvæmt I. kafla laganna um eftirlaun til aldraðra og útgjaldaaukningu, sem samþykkt þessa frumvarps mundi hafa í för með sér, má áætla sem hér segir:

	Atvltrsj. Millj. kr.	Ríkissj. Millj. kr.	Lífeyrissj. Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Áætlun umsjónarnefndar:				
Lífeyrir án uppbótar .....	1 215	405	—	1 620
Uppbót .....	—	—	2 600	2 600
Útgjaldaaukning skv. frv.:				
Þriggja stiga hækkun .....	820	—	—	820
I. kafli samtals	2 035	405	2 600	5 040

Hér við bætist hækkun sú, sem leiðir af grunnkaupshækkun skv. hinum nýgerðu kjarasamningum.

Eins og áður segir, er að því stefnt, að útgjaldaaukningunni verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði í áföngum. Þá skal á það bent, að sum fjárhagsákvæði laganna um eftirlaun til aldraðra gilda aðeins til ársloka 1982, og þarfnast lögin þegar af þeirri ástæðu endurskoðunar á því ári.

Hinar breyttu greiðslureglur frumvarpsins taka einnig til lífeyris samkvæmt II. kafla laganna. Veldur þetta lítilsháttar útgjaldaaukningu er skiptist milli ríkissjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs (sbr. þó bráðabirgðaákvæði laganna) og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.